

# Endurheimt votlendis

## Samfélagsleg ábyrgð


Stærsta áskorun samtímans er að draga hratt úr losun gróðurhúsalofttegunda sem veldur hlýnun jarðarinnar. Á Íslandi er talið að  $\frac{2}{3}$  af allri losun gróðurhúsalofttegunda komi frá framræstu eða röskuðu votlendi.



Votlendissjóðurinn hefur það hlutverk að vinna að endurheimt votlendis í samstarfi við landeigendur, ríki, sveitarfélög, fyrirtæki, félagssamtök og einstaklinga. Sérfræðingar Landgræðslunnar, Landbúnaðarháskóla Íslands, Fuglaverndar, Rannsóknarsetur HÍ á Suðurlandi og Náttúrustofunnar veita sjóðnum faglega ráðgjöf við mat á verkefnum sjóðsins.

## Hvers vegna votlendi á að vera vott

Votlendi eru mjög sérstök því fyrir utan gróskumikið líf plantna, skordýra, fiska og fugla rotnar lífrænn jarðvegur nær ekkert í þeim. Ástæðan er að vegna vatnsins kemst súrefni ekki í jarðveginn og því safnast þar fyrir gróðurleifar, oft í mörg hundruð ára þykk mólög. Þegar vatnið er tekið af mýrinni, t.d. með því að grafa frárennisskurð, kemst súrefni í lífræna jarðveginn, sem byrjar að rotna. Magn CO<sub>2</sub> sem losnar við það er gríðarlega mikið og nemur um 20 tonnum (vottonnum) á hektara. Til samanburðar þá er Austurvöllur ásamt Alþingisreitnum tæpur hektari. Ef það svæði væri framræst votlendi væri losun gróðurhúsalofttegunda á við árslosun 5 bifreiða. Hægt er að stöðva þá losun strax með því einu að koma vatninu aftur á votlendið.



## Þrjár leiðir í boði:

**1. Votlendissjóðsleiðin** hentar þeim sem vilja setja fé í endurheimt votlendis og láta Votlendissjóðinn um að endurheimta það. Þeir sem leggja til fjármagn fá staðfestingu á samfélagslegri ábyrgð sinni og geta skráð það magn gróðurhúsalofttegunda sem þeir hindra losun á í loftslagsbókhald sitt.

**2. Landeigendaleiðin** hentar landeigendum sem eiga framræst land og vilja sýna í verki samfélagslega ábyrgð í loftslagsmálum. Þessi leið myndi henta t.d. bændum sem vilja kolefnisjafna reksturinn sem og sveitarfélögum sem vilja vinna verkið á eigin vegum. Margir landeigendur eiga tæki til verlegra framkvæmda sem nýta má til verksins. Votlendissjóðurinn staðfestir framlag landeiganda sem getur skráð það magn sem hann stöðvar í loftslagsbókhald sitt.

**3. Fósturlandsleiðin** hentar m.a. þeim sem vilja taka að sér endurheimt votlendis en eiga ekki land sjálfir. Votlendissjóðurinn er þá milliliður milli landeiganda og þess framkvæmdaraðila sem annast endurheimtina. Þessi leið gæti t.d. hentað félagasamtökum, starfsmannafélögum eða verktakafyrirtækjum sem vilja endurheimta skilgreint svæði og sýna þar með samfélagslega ábyrgð í verki. Árangurinn er skráður á þann sem tekur landið í fóstur og getur fært árangurinn til bókar í loftslagsbókhaldið.

## Faglegt mat og árangurinn staðfestur

Það framræsta votlendi sem á að endurheimta fer í gegnum ákveðið ferli til að tryggja stöðvun á losun gróðurhúsalofttegunda. Fyrsta skrefið er að sérfræðingur á vegum Landgræðslunnar tekur út svæðið og leggur til aðgerðir. Framkvæmdin sjálf er á ábyrgð framkvæmdaraðila og eftir að búið er að endurheimta votlendið staðfestir sérfræðingur árangurinn. Mikilvægt er að vel sé að framkvæmdinni staðið til að losun stöðvist, ásýnd landsins batni og



að ekkert raskist þó vatnsveður komi.



## Vöktun í þrjú ár með hinu endurheimta landi

Fylgst verður með hinu endurheimtu votlendi í 3 ár með aðstoð landeiganda sem skuldbindur sig til að senda ljósmyndir af völdum svæðum til Votlendissjóðsins til að geta fylgst með breytingum á vatnsyfirborði og ástandi hins endurheimta votlendis. Sérfræðingar á vegum Votlendissjóðsins og samstarfsaðilar munu auk þess fylgjast með árangri.

## Stuðst við losunarstuðla og vinnulag IPCC

Við mat á losun gróðurhúsalofttegunda er stuðst við stuðla IPCC (Vísindanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar) og innlendar rannsóknir sem sýna að með því að endurheimta votlendi má stöðva losun sem nemur a.m.k. 20 tonnum af CO<sub>2</sub> á ári frá hverjum hektara.

## Fylgst með líffræðilegum fjölbreytileika

Fuglavernd í samstarfi við Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi og Náttúrustofur landsins munu fylgjast með breytingum á fuglalífi á völdum svæðum.

## Ferlið tekið út af fagaðilum

Price Waterhouse Coopers tekur út rekstur sjóðsins og staðfestir að samræmi sé í endurheimt og sölu vottonna. Háskóli Íslands fer yfir framkvæmdir og staðfestir að unnið sé samkvæmt skilgreindu ferli Votlendissjóðsins.

## Unnið með sveitarfélögum

Til að tryggja hámarksárangur og bestu nýtingu fjármagns verður unnið með hverju sveitarfélagi fyrir sig. Farið verður í að finna sameiginlegar lausnir, nýta stærðarhagkvæmi og virkja samfélagið í að endurheimta votlendið. Sveitarfélögin leggja til sitt land og vonast er til að ríkið geri hið sama.



## Hvað kostar að endurheimta votlendi?

Árangur Votlendissjóðsins er mældur í svokölluðum „vottonnum“ (vot/blaut tonn) þ.e. fjölda tonna af CO<sub>2</sub> ígildum sem hindruð er losun á með því að endurheimta framræst eða raskað votlendi. Eitt vottonn er á kr. 5000 og fyrir kr. 100.000 er hægt að fara í framkvæmdir til að stöðva losun á 20 vottonnum.

Votlendissjóðurinn staðfestir að það fjármagn sem sett er í sjóðinn eða sú vinna sem hefur verið unnin á eigin kostnað hafi raunverulega stöðvað losun á þeim fjölda vottonna sem óháður fagaðili áætlaði.

Fyrir framlag sitt fær kaupandi eða kostunaraðili framkvæmdanna rétt til að telja fram ávinninginn í þrjú ár. Eftir það er ávinningurinn gjöf til landsins okkar og komandi kynslóða.

Dæmi: Viðskiptavinur sem kaupir fyrir eina milljón króna eða endurheimtir sambærilegt magn vottonna fær í þrjú ár árlega staðfestingu frá Votlendissjóðnum á stöðvun á 200 vottonnum á ári eða samtals 600 tonn á þremur árum. Hann getur skráð þann árangur í losunarbókhalðið í þrjú ár.

Þeir sem kaupa 200 vottonn eða meira eða endurheimta á eigin kostnað sem nemur a.m.k. 200 vottonnum fá rétt til að nota merki Votlendissjóðsins í markaðslegum tilgangi í þrjú ár.



Frekari upplýsingar: Ásbjörn Björgvinsson s:891 9820 eða [abbi@votlendi.is](mailto:abbi@votlendi.is)  
[www.votlendi.is](http://www.votlendi.is)